



Landssamband æskulýðsfélaga

8. fundur stjórnar 2009 – 2010

Haldin á skrifstofu félagsins í Hinu húsinu

14. janúar 2010

Mættir: Unnur Hjálmarsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE) og Auður Geirsdóttir (AuG). Foföll boðaði Arnþór Gíslason (AG). Einnig sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri fundinn

Fundur settur: 19:21

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir síðustu funda samþykktar samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá því að samkvæmt kjarasamningi ætti að koma til launahækkun um 3,5% frá og með 1. nóvember. Auk þess hafa orðið hækkanir á tryggingagjaldi og staðgreiðslu. Heildar kostnaður við laun verður því um 295.000kr. á mánuði í stað 281.000kr áður.

HTF fór yfir heimsóknir á heimasíðu félagsins árið 2009. Gestir voru 2604, innlit 4881 og meðaltími innlita um 4 mínútur.

HTF sagði frá námskeiði í notkun Kompás sem hún sótti á vegum EUF dagana 11. og 12. janúar s.l. Hún sagði námskeiði hafa verið bæði spennandi og skemmtilegt. AuG, UH, og SSE lýstu öll yfir áhuga á að sækja námskeið í Kompás verði fleiri í boði. HTF falið að fylgjast með fleiri námskeiðum í notkun bókarinnar og láta stjórn vita.

HTF sagði frá því að hún hefði gert uppkast að spurningakönnun fyrir aðildarfélög í desember og lág það uppkast fyrir fundinum. HTF sagði einnig frá því að YFJ stæði fyrir könnun meðal sinna aðildarfélaga um þessar mundir og yrði að skila inn úr henni í síðasta lagið 6. febrúar n.k. HTF lagði til að LÆF myndi reyna að keyra sína spurningakönnun sem fyrst til að geta nýtt sér upplýsingar úr henni í spurningskönnun YFJ. Þetta var samþykkt. AuG tók að sér að lesa yfir uppkastið að spurningakönnun LÆF og munu hún og HTF ganga frá endanlegum spurningalista og útsendingu. Einnig ákveðið að HTF muni svara spurningakönnun YFJ fyrir hönd LÆF.

HTF sagði frá því að hún hefði í upphafi árs send aðildarfélögum tölvupóst þar sem óskað var eftir upplýsingum og stjórn, starfsfólk og fleiri praktískar upplýsingar um aðildarfélögin. Tvö svör höfðu borist, annars vegar frá Aiesec og hins vegar frá URKÍ.

HTF sagði frá því að LÆF hafi fengið styrk frá Menntamálaráðuneyti að upphæð 950.000kr til þess að halda námskeið í Lifandi bókasafni. Styrkurinn var að frumkvæði ráðuneytisins og var greiddur fyrir áramót. Farið er á leið við LÆF að það nýti styrkinn í að halda námskeið um gerð og uppsetningu Lifandi bókasafns og láti ráðuneyti vita af framgangi mála. Ákveðið að taka við

styrknum og ganga í þetta verkefni. HTF falið að gera vinnuplan sem sent verður til ráðuneytis sem og að hafa samband við Marín Þórsdóttir hjá Urkí-R og athuga hvort hún hafi áhuga á að koma að þessu verkefni með okkur.

3. Frá æskulýðsráði

SSE sagði frá því að búið væri að skipa í nýja stjórn Æskulýðssjóðs. UH var kjörinn varamaður í stjórnina en að öðruleiti er hún óbreytt. Að öðru leiti var lítið að fréttu úr Æskulýðsráði annað en það að stefnumótunarvinna ráðsins er í fullum gangi.

4. Fjárhagsáætlun

AuG sagði frá því að LÆF væri úthlutað 5.000.000kr af fjárlögum ársins 2010. Í því ljósi hefði þurft að endurskoða fjárhagsáætlun ársins. Lagði hún fram endurskoðaða fjárhagsáætlun sem gerði ráð fyrir að félagið yrði rekið með 350.000kr. halla. Ekki væri þó ætlunin að félagið sé í mínus því gengið verður á þann sjóð sem til var við lok ársins 2009 en hann er um 500.000kr. Endurskoðuð fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

HTF lagði fram bréf til Menntamálaráðuneytis þar sem óskað er eftir að styrkurinn af fjárlögum verði greiddur í einu lagi til félagsins. Með bréfinu fylgir nýsamþykkt endurskoðuð fjárhagsáætlun, auk fjárhagsáætlunarinnar sem fylgdi umsókninni til fjárlaganefndar. Auk þess fylgir bréfinu greinargerð um ráðstofun styrkjarins sem við fengum árið 2009. Bréfið var samþykkt samhljóða og HTF falið að koma því til skila.

5. Dagskrá fram á sumar

UH fór yfir dörg að dagskrá félagsins fram á sumar. Drögin voru samþykkt. Helstu viðburði fram á sumar verða, námskeið á vegum EUF, námskeið í bókhalds og skattskyldum félagasamtaka, opin dagur LÆF og aðildarféлага, fulltrúaráðsfundir og sambandsþing, auka námskeiða í Lifandi bókasafni og vonandi kynning á Nordbuk styrkjunum. LÆF mun auk þess taka þátt í alþjóðastarfi og sækja NBCM, Comem og Youth event formennsku landa ESB.

Nokkur umræða skapaðist um Opin dag LÆF. HTF falið að gera uppkast af dagskrá fyrir stjórn og hafa samband við Hitt húsið um hugsanlega aðkomu þeirra. Samþykkt að halda daginn 25. mars.

SSE sagði frá heimsráðstefnu æskulýðsfélaga sem verður haldin í Mexíkó í ágúst. HTF falið að kanna hana betur.

Ákveðið var að færa þing unga fólksins fram í ágúst.

AuG ætlar að kanna möguleika á því að fá styrk fyrir study visist til Japan.

6. Umsókn AFS að LÆF

HTF sagði frá því að LÆF hefði borist aðildarumsókn frá AFS skiptinemasamtökunum. Eftir umræður og athuganir á félaginu samþykkti stjórn LÆF að veita AFS aukaaðild að LÆF. Ákvörðun um fulla aðild mun verða tekin á Sambandsþingi í vor.

7. Alþjóðastarf

- a) SSE fór í stuttu máli yfir stöðuna á verkefninu Youth employment Action sem LÆF tekur þátt í ásamt nokkrum öðrum aðildarfélögum YFJ.
- b) HTF sagði frá að LÆF hefði borist boð á námskeiðið Training for Trainers in Human Rights Education á vegum Evrópráðsins. Ákveðið var að auglýsa námskeiðið í póstlista.

- c) HTF sagði frá boði á ráðstefnu um æskulýðsmál. HTF sagði ráðstefnuna afar spennandi en ferðakostnaður fæst ekki endurgreiddur. Ákveðið var að auglýsa ráðstefnuna í póstlista en enginn mun sækja ráðstefnuna fyrir hönd LÆF.
- d) HTF sagði frá boði frá Evrópuráðinu um að halda námskeið í Kompás á Íslandi. Ákveðið var að sækja ekki um að þessu sinni í ljósi þess að Menntamálaráðuneyti hefur gert samning við Æskulýðsvettvanginn og Rauða kross Íslands um að koma efninu á framfæri hérlendis.

8. Bréf og önnur sköl sem þarfnast afgreiðslu

- a) HTF sagði frá bréfi frá Allianssi þar sem LÆF er boðið í árlega ungmennasiglingu í Finnlandi. Ákveðið var að hafna í boðinu í ljós mikils kostnaðar.
- b) HTF lagði fram bréf frá varaformanni YFJ um að koma á fót nefnd um ungmennamál sem lagt er til í viðauka nýrrar áætlunar ESB í ungmennamálum. Bréfið var nokkuð óljóst og HTF beðin um að fá frekar upplýsingar um þetta áður en ákvörðun væri tekin.
- c) HTF lagði fram beiðni frá Allianssi um að finna samstarfsaðila í verkefni á þeirra vegum. Verkefnið fellst í því að læra að stjórna hlutverkaleikum Gaia og kynna hann í æskulýðssamtökum og skólum á Íslandi. Óljóst var hvort LÆF yrði að vera samstarfaðili að verkefninu auk annars félags á Íslandi. Ákveðið að HTF fengi þær upplýsingar á hreint og auglýst svo eftir samstarfaðilum á póstlista. Ákveðið að ef nauðsynlegt væri að LÆF yrði með myndi LÆF verða silent partner í verkefninu hefði eitthvert félag áhuga á að vera með.
- d) HTF lagði fram umsókn sem barst til okkar frá franski stúlku um að gerast starfsnemi hjá LÆF. Ákveðið að þrátt fyrir áhuga stúlkunnar og mikillar reynslu hennar þá gæti LÆF ekki orðið við beiðni hennar.

9. Önnur mál

- a) SSE bað um að kannað yrði hvort hann gæti fengið lykil að húsinu. HTF falið að kanna hvort LÆF geti fengið tvo lykila tilviðbótar við þá tvo sem þeir hafa.
- b) SSE sagði frá því að hann hefði óskað eftir fundi með embættismönnum í Félagsmálaráðuneytinu til að ræða tillögur ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í þágu ungs atvinnulaus fólks. Enn hefur ekki komið svar um hvort af fundinum verður. SSE lagði til ef ekki skýrist fljótlega hvort af fundinum verður þá myndi LÆF senda erindi um málið til Félagsmálaráðuneytis. Tillaga SSE var samþykkt.
- c) AuG sagði frá því að ITC hreyfingin hefði hug á að setja á fót ungmennastarf hér á landi. ITC hreyfing hafði haft samband við AuG og óskað eftir starfskröftum hennar í þetta mál. HTF sagðist bjóða fram aðstoð sína við gera laga fyrir ungmennastarfið.
- d) AuG bauð stjórn LÆF í 25 ára afmælið sitt þann 6. febrúar n.k.
- e) UH lagði til að unnið yrði að gerð starfslýsingar fyrir framkvæmdastjóra félagsins. Það var samþykkt og UH og AuG falið að hefja þá vinnu.
- f) SSE lagði til að LÆF skrifaði greinargerð um æskulýðsstarf á Íslandi og hvernig LÆF vill sjá þróun málaflokksins hér á landi. Þessa greinargerð væri hægt að nota í vinnu við að koma á stefnu í æskulýðsmálum á Íslandi, inn í vinnu Sóknaráætlunar ríkisstjórnarinnar sem og að hægt væri að gera góða og ítarlega blaðagrein úr henni. HTF og SSE falið að vinna að þessu.
- g) HTF sagði frá því að borist hefði spurningkönnun um evidenced based Youth Policy frá Baltic Sea Secretariat for Youth Affairs. HTF falið að kanna hana og svara henni.
- h) HTF sagði frá því að hún hefði verið dunda við að koma upp með skilgreiningu á æskulýðsfélögum. Hún lagði til við fundinn að taka umræðum um skilgreiningu á þessu á fulltrúaráðsfundi. Samþykkt var að HTF myndi gera uppkast að skilgreiningu sem stjórn myndir ræða og síðan yrði farið í umræðu um hana á fulltrúaráðsfundi.

- i) HTF sagi frá því að hún væri að vinna að bækling fyrir Menntamálaráðuneytið um alþjóðastarf í æskulýðsmálum. HTF óskaði eftir því að LÆF myndi taka að sér að dreifa bæklingum þegar hann kemur út. Samþykkt að HTF kanni hvort áhugi er hjá því hjá Menntamálaráðuneyti að LÆF taki að sér dreifingu.
- j) UH vakti máls á ákvörðun stjórnvalda um verkefnið Ungt fólk til athafna. UH spurði stjórnarmenn hvort þeim þætti að gengið hefði verið fram hjá LÆF við umræðu um verkefnið. Stjórnarmenn voru sammála um að eðilegt hefði verið að leitað hefði verið til LÆF við þróun verkefnisins enda sé LÆF að vinna að málefnum ungs fólks. Ákveðið var að koma á framfæri við Félagsmálaráðuneytið að LÆF hefði viljað fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að.
- k) UH lagði til að næsti stjórnarfundur yrði haldinn þriðjudaginn 26. janúar kl. 12:00. Samþykkt.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 21:15.

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri